

Nr. 18/1884.

Hið opinbera
gegn
Sigmundi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af hálfu hins opinbera gegn Sigmundi prentara Guðmundssyni í Reykjavík fyrir brot gegn lögnum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, dagsettum 14. janúar 1876, 1. og 15. gr., og er brot hans í því fölgandi, að hann, án þess að hafa sótt um eða fengið leyfi til að vera útflutningsstjóri, hefur auglýst í íslenskum blöðum, að skoarkt gufuskipafjelag, er hann nafngreininir, taki að sjer að flytja menn frá Íslandi til Vesturheims á yfirstandandi sumri, og boðið fram milligöngu sína til að semja um útflutning með skipum þessa fjelags.

Með því að hinn kærði ekki hefur getað fært annað fram sjer til afsökunar, en að hann hafi ekki þekkt lög þau, sem gilda hjer á landi um útflutning á mönnum í aðrar heimsálfur, getur hann ekki komizt hjá að sæta ábyrgð fyrir áminnsta auglýsingu sína, og virðist hegning sú, sem ákveðin er í undirdóminum hæfilega metin 60 kr., og ber því að staðfesta undirrjettardóminn, sem kveðinn er upp í lögreglurjetti Reykjavíkurkaupstaðar 14. marz þ. á., bæði að því er snertir hegninguna og að því leyti sem hinn kærði er dæmdur til að greiða allan kostnað af málinu, eins og honum þá einnig ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málflytningsslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn kærði, Sigmundur Guðmundsson, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóhannesar Ólafssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 45/1883

Hallbera Jónsdóttir
gegn
Benedikt Sveinssyni.

Dómur:

Með dómi, gengnum í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júlímán. f. á., var Hallbera Jónsdóttir á Lækjarbotnum dæmd til að greiða Benedikt sýslumanni Sveinssyni eptirgjald eptir býlið Lækjarbotna fyrir 13 fardagaár, sem sje árin 18⁷⁰/₇₁ til 18⁸²/₈₃, með þeirri upphæð, sem óvilhallir og kunnugir dómkvaddir menn mettu; svo skyldi hún og greiða málskostnað með 18 krónum.

Þessum dómi hefur Hallbera Jónsdóttir skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 29. nóvbr. f. á., og hefur hún fengið gjafsókn og leyfisbrjef til að mega leggja ný skjöl fram í yfirdóminum. Hefur